

Brúum bilið – byggjum almannaþjónustuna!

Reykjavík 1. júlí 2005

Stjórn BSRB hvetur stjórnvöld og almenning til að taka virkan þátt í að brúa þá gjá sem er á milli ríkra og snauðra í heiminum. Þrjátíu þúsund manns deyja á degi hverjum úr sárri fátækt. Í dag 1. júlí er fyrsti baráttudagurinn af nokkrum sem kenndur er við „hvíta bandið“, tákn um þá herör sem skorin verður upp um allan heim af verkalýðssamtökum, félagasamtökum og almenningi gegn þessu misrétti. Þetta misrétti verður aðeins afnumið með skipulögðu og samræmdu átaki. Þau áform að fella niður skuldir sumra snauðustu ríkja heimsins eru vissulega skref í rétta átt, þótt öllu máli skipti í því sambandi hvaða skilyrði þessum ríkjum eru jafnframt sett.

Alþjóðabankinn og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, sem vísað hafa veginn í þessum efnum, hafa reynst fátækum ríkjum varasamir leiðsögumenn á undanförunum árum. Skilyrði þeirra hafa jafnan verið að „þiggjendurnir“ markaðsvæði efnahagskerfi sín og einkavæði þar með ýmsa grunnþjónustu samfélagsins. Þetta hefur þýtt að fátækar og skuldugar þjóðir hafa sett opinberar rafmagns- og vatnsveitur á markað og annað það sem fjölþjóðlegir auðhringir vilja eignast og hagnast á.

Staðreyndin er sú að eigi þjóðum að auðnast að komast frá örbirgð til bjargálna er lykilatriði að þeim takist að byggja upp öflugt innra stoðkerfi samfélagsins, menntakerfið, heilbrigðiskerfið, veitukerfi o.s.frv. Það verður hins vegar ekki gert ef allt sem hagnast má á er fært í hendur fyrirtækja sem hafa arðsemina eina að leiðarljósi. Þau alþjóðlegu fyrirtæki sem sitja um þennan markað munu þá halda áfram að færa fjármagn frá þróunarríkjunum. Þá mun eftirgjöf skulda fara fyrir lítið. Hvaðanæva að úr heiminum berast nú fréttir af afleiðingum einkavæðingar almannþjónustunnar og hversu skaðleg þessi stefna hefur reynst, einkum fátækum ríkjum sem allra síst mega við því að markaðsöflunum sé hleypt inn á gafl.

BSRB leggur áherslu á að orsakir fátæktar eru margslungnar og að forðast beri alhæfingu í þeim efnum. Forsenda þess að fjármunir í almannáþágu nýtist sem skyldi er opið og upplýst lýðræðissamfélag.

BSRB telur mikilvægt að fulltrúar Íslands í alþjóðastofnunum og alþjóðasamstarfi beiti sér af alefli til stuðnings fátækum þjóðum og er þar lykilatriði að við stillum okkur jafnan upp við hlið þeirra sem vilja verja almannþjónustuna fyrir gróðaöflum og vilja efla hana og bæta í þágu almannahagsmuna. Ávinningurinn af niðurfellingu skulda á að skila sér í bættem hag almennings, ekki í auknum gróða stórfyrirtækja. Þá leggur stjórn BSRB áherslu á að fulltrúar Íslands á alþjóðavettvangi leggi sitt lóð á vogarskálar lýðræðis og beiti sér af alefli á alþjóðavettvangi gegn hvers lags spillingu.